

Íbúaráð Laugardals

Ár 2022, mánudaginn, 9. maí, var haldinn 26. fundur íbúaráðs Laugardals. Fundurinn var haldinn með fjarfundabúnaði og í Ráðhúsi Reykjavíkur - Tjarnarbúð og hófst kl. 17:01. Eftirtaldir íbúaráðsfulltrúar voru viðstaddir: Kristín Elfa Guðnadóttir. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með fjarfundarbúnaði með vísan til heimilda í 1. másl. 1. mgr. 54. gr. sbr. 4. másl. 1. mgr. 13. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar varðandi fjarfundarheimild: Lilja Sigrún Jónsdóttir, Þorsteinn Guðmundsson og Ísak Andri Ólafsson. Fundinn sat einnig Heimir Snær Guðmundsson sem ritaði fundargerð og Helga Margrét Guðmundsdóttir sem sat fundinn með fjarfundarbúnaði.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu dags. 25. apríl 2022 vegna aðkomu íbúaráða að fjárfestinga- og viðhaldsáætlun Reykjavíkurborgar ásamt fylgiskjölum. Samþykkt að fela formanni í samráði við ráðið að vinna áfram að ábendingum ráðsins og skila fyrir tilskilinn frest þann 29. maí nk.
- 17:01 tekur Sabine Leskopf sæti á fundinum.
2. Fram fer umræða um skólamál í hverfinu.
3. Fram fer umræða um málefni hverfisins.
4. Fram fer umræða um gönguleiðir yfir Sæbraut.

Íbúaráð Laugardals leggur fram svohljóðandi bókun:

Íbúaráð Laugardals hvetur til samtals við íbúa Vogabyggðar um leiðir til lausnar vegna umferðarþunga í og við hverfið. Heppilegt væri að skóla- og frístundasvið og umhverfis- og skipulagssvið í samráði við íbúa skoðaði möguleika á að bæta öryggi gangandi til og frá skóla- og frístundastarfi og möguleika á skólaakstri.

5. Fram fer umræða vegna auglýsingar á tillögu að breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar nr. 2-4 við Sóltún.

Íbúaráð Laugardals leggur fram svohljóðandi bókun:

Óskað er eftir því að skipulagsfulltrúi boði til kynningarfundar um umrædda breytingu og umsagnarfrestur verði framlengdur.

6. Lagðar fram greinargerðir vegna styrkja. Þessi liður fundarins er lokaður.
 - a) Ratleikur - Íslenska myndasögufélagið/Ratleikur ÍMS fyrir Barnamenningarhátíð.
7. Lagðar fram til afgreiðslu umsóknir í hverfissjóð. Þessi liður fundarins er lokaður.

Samþykkt að veita Laugarneskirkju styrk að upphæð kr. 160.000,- vegna verkefnisins Laugarnes á ljúfum nótum með þeim fyrirvara að kostnaðaráætlun verði skilað auk greinargerðar vegna fyrra verkefnis.
Samþykkt að veita Götubita ehf. styrk að upphæð kr. 500.000,- vegna verkefnisins Götubitinn ferðast um hverfin – „Hverfahátíð á hjólum“.

Öðrum umsóknum hafnað.

8. Lagðar fram til afgreiðslu umsóknir í Borgin okkar 2022 - hverfin. Þessi liður fundarins er lokaður.

Samþykkt að veita Hlíf Bente Sigurjónsdóttur styrk að upphæð kr. 335.000,- vegna verkefnisins Sumarhátíð á Laugarnestanga.

Samþykkt að veita Höllu Kolbeinsdóttur styrk að upphæð kr. 250.000,- vegna verkefnisins Ratleikir um Reykjavík.

Samþykkt að veita Margréti Hauksdóttur styrk að upphæð kr. 220.000,- vegna verkefnisins Frískapur í Laugardalinn.

Samþykkt að veita Foreldrafélagi Laugarnesskóla styrk að upphæð kr. 350.000,- vegna verkefnisins Vorhátíðar Laugarnesskóla.

Samþykkt að veita Borgarbókasafninu Sólheimum styrk að upphæð kr. 500.000,- vegna verkefnisins Grenndargróðurhús.

Samþykkt að veita Foreldrafélagi Skólahljómsveitar Austurbæjar styrk að upphæð kr. 500.000,- vegna verkefnisins Útjakkar Skólahljómsveitar Austurbæjar.

Samþykkt að veita Margréti Aðalheiði Markúsdóttur styrk að upphæð kr. 120.000,- vegna verkefnisins Pop-Up Yoga Reykjavík í Laugardal.

Öðrum umsóknum hafnað.

Fundi slitið kl. 18:51

Kristín Elfa Guðnadóttir

Sabine Leskopf
Þorsteinn Guðmundsson

Lilja Sigrún Jónsdóttir
Ísak Andri Ólafsson